

Sp. 244. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um sérstakan útreikning framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað landsins um sig.

Flm.: Karl Guðjónsson, Bragi Sigurjónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir Kauplagsnefnd og Hagstofuna að reikna út og birta framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað landsins um sig miðað við verðlag og þjónustu eins og það er á hverjum tíma.

Reglur um vísitölureikning þennan skulu vera hinar sömu og Kauplagsnefnd og Hagstofan nota við gildandi útreikning framfærsluvísitölu hverju sinni að öllu því leyti, sem við getur átt eða nefndir aðilar telja eðlilegan á hverjum tíma, en að auki meti þeir til hækkunar eða lækkunar þau framfærsluatriði, sem þeir telja sérstæð fyrir viðkomandi kaupstað.

Verði kaupsamningar gerðir með viðmiðun við þessar staðarvísitölur, skal einnig birta kaupgjaldsvísitölur staðanna eftir sömu reglum og tíðkast um hina almennu kaupgjaldsvísitölu.

Greinargerð.

Almennir kaupgjaldssamningar eru yfirleitt miðaðir við fast grunnkaup og síðan bætt ofan á dýrtíðaruppbót, sem framfærsluvísitalan er grundvöllur að. Það hefur svo verið mismunandi á hinum ýmsu tímum, hvort allar breytingar framfærsluvísitölnnar hafa komið fram í kaupgjaldinu eða aðeins hluti þeirra. Þetta hefur líka stundum verið og er nú breytilegt eftir grunnlaunanna.

Engu þessu er ætlunin að breyta með tillögu þessari. Eftir sem áður verður það samningsatriði, hver áhrif framfærslukostnaðurinn á að hafa á kaupupphæðina. Hitt er augljóst, að þegar samið er um kaupbreytingar eftir framfærslukostnaði, þurfa samningsaðilar að vita, hver sá kostnaður er og hvernig hann breytist.

Samningsréttur um kaup og kjör verkafólks, sjómanna, iðnaðarmanna annars vegar og atvinnurekenda hins vegar er hjá stéttarfélögum þessara aðila á hverjum stað fyrir sig, og samningar milli þeirra ættu samkvæmt því að fara fram heima í héraði, þótt þróun hafi á síðustu árum orðið sú, að oftast fara samningar fram í Reykjavík, gagnstætt því, sem til var ætlað í öndverðu. Ýmsir telja þó, að þetta sé ekki óeðlilegt, og margir, að það sé óhjákvæmilegt.

En að því er verðlagsuppbætur á kaup varðar, er þá auðvitað alger nauðsyn, að sá hópur, sem semur fyrir hönd Vestmanneyinga, Seyðfirðinga, Akureyringa, Ísfirðinga, svo að einhver dæmi séu nefnd, hafi eitthvað annað og nákvæmara að styðjast við en framfærslukostnað Reykvíkinga, sem allir vita að ekki er sambærilegur við framfærslukostnaðinn á stöðum, sem verr liggja við aðdráttum, eins og flutningum er háttað.

Auk mismunarins á hinu almenna vöruverði, sem að sjálfsögðu hlýtur að vera meginþáttur framfærslukostnaðarins, er aðstöðumunurinn við nútíma þjóðfélags-hætti orðinn mjög mikill og varðar beinum og ósmáum fjármunum fyrir svo til hvern einstakling. Gert er ráð fyrir því í þessari tillögu, að þetta sé metið og tekið inn í vísitölu hvers staðar, svo sem við verður komið. Sem dæmi má nefna: Læknisþjónusta má heita að orðin sé ófullnægjandi víðast hvar utan höfuðborgarsvæðisins, og knýr það margan manninn til kostnaðarsamra ferða heiman frá sér. Skólakerfið er að mestu uppbyggt í höfuðborginni, að því er til æðri skóla tekur, og kallar til sín fjölda fólks til lengri og skemmri dvalar. Ráðstefnur af mörgum gerðum og samningsgerðir stéttarfélaga kalla á fjölda fólks. Það yrði langt mál að telja allt það, sem rekur fólk í ferðir frá landsbyggðinni til höfuðborgarinnar, og er óþarft að gera það hér. — En af því fáa, sem hér er nefnt, má glöggt sjá, að á stöðum, sem liggja utan höfuðborgarsvæðisins, er ástæða til að telja fargjöld að og frá höfuðborginni til almenns framfærslukostnaðar.

Af sérstöðu einstakra kaupstaða er vert að nefna, að Vestmannaeyjar búa í sambandsleysi við þjóðvegakerfið. Þurfa íbúar þar því auðvitað að flytja bifreiðar sínar inn á þjóðvegakerfið öðru hverju og gera það, þrátt fyrir kostnað, sem raunar virðist með öllu hóflaus. Flutningskostnaður bifreiða að og frá þjóðvegakerfinu ætti því að fást reiknaður inn í framfærslukostnað byggðarlagsins.

Þessi tillaga gerir ráð fyrir kaupstöðum landsins sem útreikningssvæðum vísitölu. Kaupsamningar eru að vísu gerðir á ýmsum svæðum utan þeirra. En ætla má, að það sé víðast verðlag á vörum og þjónustu í næsta kaupstað, svo og aðstaðan þar, sem við megi miða á þeim svæðum, svo að skapleg mynd fái af framfærslukostnaði á samningssvæðinu.

Ætla má, að þegar þær framfærsluvísitölur kaupstaðanna, sem hér er gert ráð fyrir, eru þekktar, verði þær notaðar sem viðmiðun í kaupsamningum, á svipaðan hátt og nú er um þá allsherjarframfærsluvísitölu, sem út er reiknuð.

Þegar svo væri komið, að hinar nýju vísitölur væru orðnar ákvarðandi fyrir kaupgreiðslur, er hér að sjálfsögðu lagt til, að kaupgjaldsvísitölur þær, sem samningar gera ráð fyrir, verði birtar af opinberri hálfu með sama hætti og nú er gert um gildandi kaupgjaldsvísitölu.